

1. fundur
Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2018
haldinn í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 13. apríl 2018 kl. 09:30

Fundargerð

Mættir:

Valgerður Sverrisdóttir – formaður
Ólafur Ísleifsson – Flokkur fólksins
Birgir Þórarinsson – Miðflokkur
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir – Sjálfstæðisflokkur
Steinunn Þóra Árnadóttir – Vinstrihreyfingin - grænt framboð
Þorsteinn Víglundsson – Viðreisn
Atli Viðar Thorstensen – Rauði krossinn á Íslandi
Ragnar Schram – SOS Barnaþorp
Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandið
Bjarni Gíslason – Hjálparstarf kirkjunnar
Geir Gunnlaugsson – Háskóli Íslands
Maríanna Traustadóttir – Alþýðusamband Íslands
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: María Erla Marelsdóttir (skrifstofustjóri), Ólafur Sigurðsson (sendifulltrúi), Þórdís Sigurðardóttir (sendiráðunautur) og Ingunn Þorsteinsdóttir (sérfræðingur).

Halldóra Mogensen (píratar), Helgi Hrafn Gunnarsson (píratar), Silja Dögg Gunnarsdóttir (framsóknarflokkur), Erna Reynisdóttir (Barnaheill), Anna Elísabet Ólafsdóttir (Háskólinn á Bifröst), Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (Háskóli Íslands) og Tumi Tómasson (Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna) forfölluðust.

Logi Einarsson (samfylkingin) var fjarverandi.

Ólafur Ísleifsson vék af fundi kl. 10:05 og Birgir Þórarinsson vék af fundi kl. 10:10.

Nefndarritari:

Ágúst Már Ágústsson

10. fundur þróunarsamvinnunefndar

1. Fundur settur

Fundargerð níunda fundar var samþykkt.

2. Fjármál þróunarsamvinnuskrifstofu

María Erla Marelsdóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu, kynnti fjármálaumhverfi alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Greint var frá því að fjármál þróunarsamvinnu og mannúðarstoðar eru aðskilin öðrum fjármálum ráðuneytisins, farið er með þau í sérstakri deild á rekstrar- og þjónustuskrifstofu ráðuneytisins og er sinnt af starfsfólki sem ekki sinnir öðrum rekstri ráðuneytisins. Deildin vinnur mjög náið með þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (DAC). Náið eftirlit er með framlögum Íslands í málaflokknum af hálfu DAC og tilkynnir

utanríkisráðuneytið öll framlög Íslands til þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar til nefndarinnar. Öll framlög Íslands til málaflokksins þurfa að uppfylla skilyrði DAC.

Gerð var grein fyrir framlögum til alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands, byggt á bráðabirgðatölum. Árið 2018 er gert ráð fyrir að heildarframlög Íslands til þróunarsamvinnu nemi 0,26% af vergum þjóðartekjum (VPT). Í fjárlögum 2017 var gert ráð fyrir að þetta hlutfall yrði 0,25% en síðar á árinu bættist við þá upphæð framlög vegna flóttafólks og hælisleitenda svo að heildarframlög Íslands til þróunarsamvinnu námu 0,29% af VPT árið 2017. Í þingsályktun um fjármálaáætlun 2019-2023 er gert ráð fyrir að hlutfall þróunarsamvinnu verði 0,35% árið 2022, en meðaltal hlutfalls þróunarsamvinnu af VPT ríkja í DAC er 0,31%. Þróunarsamvinnuskrifstofa mun leggja fram nákvæmari tölur um framlög ársins 2017 þegar þær liggja fyrir.

Sumir nefndarmenn vöktu athygli á því að reglur DAC skylda stjórnvöld ekki til þess að telja allan kostnað sem til fellur innanlands vegna flóttafólks og hælisleitenda til þróunarsamvinnu, þó svo að heimilt sé að reikna kostnað sem til fellur vegna þessa í allt að eitt ár. Bentu nefndarmenn á að stjórnvöld hefðu tækifæri til að telja þennan kostnað ekki til þróunarsamvinnu. Athygli nefndarmanna var vakin á því að dómsmálaráðuneyti fer með þann hluta framlaga til þróunarsamvinnu er kemur til vegna aðstoðar við flóttafólk og hælisleitendur innanlands. Fer dómsmálaráðuneytið eftir starfsreglum DAC í þeim efnum.

3. Yfirlit verkefna á þróunarsamvinnuskrifstofu (breytingar).

María Erla kynnti breytingar á starfsfyrirkomulagi þróunarsamvinnuskrifstofu. Annars vegar er þar um að ræða að eftirlit og úttektir hafa flust á sérstaka deild á nýrri skrifstofu ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins. Annast deildin óháðar úttektir á framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands og hefur eftirlit með stærri úttektum sem framkvæmdar eru á samstarfsstofnunum Íslands. Deild atvinnulífs og svæðasamstarfs hefur verið komið á fót á þróunarsamvinnuskrifstofu, en ein af tillögum jafningjarýni DAC á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands frá árinu 2016 er að ráðuneytið vinni nánar með íslensku atvinnulífi að þróunarmálum. Markmið deildarinnar er að stuðla að hagvexti í þróunarríkjum í samstarfi við atvinnulífið í þróunarríkjum, en íslenskt atvinnulíf getur einnig haft aðkomu að slíku samstarfi. Jafnframt er unnið með Alþjóðabankanum á sviði jarðvarma og miðlar ráðuneytið ráðgjafaverkefnum milli bankans og íslenskra aðila í jarðvarmageiranum. Stefnt er að því að koma upp svipuðu fyrirkomulagi í fiskimálum.

4. Umsögn um jafningjarýni DAC (framhald frá 9. fundi nefndarinnar)

Bent var á að mikilvægt væri að hafa í huga að það var þróunarsamvinnunefnd sjálf sem átti frumkvæði að því að vinna viðbrögð við jafningjarýni DAC. Drög að viðbrögðum við rýninni höfðu verið undirbúin fyrir níunda fund nefndarinnar sem umræðuskjal. María Erla vakti athygli á því að innan þróunarsamvinnuskrifstofu væri starfandi vinnuhópur sem færi yfir viðbrögð vegna rýni DAC og lýsti skrifstofuna reiðubúna að veita þróunarsamvinnunefnd alla þá aðstoð við umfjöllun um rýnina sem nefndin kann að óska eftir.

Ákveðið var að nefndin haldi áfram umfjöllun sinni um jafningjarýnina.

5. Önnur mál

a. Boðun varamanna

Fyrir níunda fund nefndarinnar hafði verið gerð athugasemd við boðun varamanna fulltrúa háskólastigsins og var ritara falið að leita til samstarfsnefndar háskólastigsins til að fá úr því skorið með hvaða hætti skuli skilja tilnefningarbréf samstarfsnefndarinnar. Samstarfsnefndin er sá aðili er tilnefnir fulltrúa til setu í þróunarsamvinnunefnd fyrir þennan hagsmunahóp. Svar

samstarfsnefndarinnar var á þá leið að Tumi Tómasson hafi verið tilnefndur sem varamaður Geirs Gunnlaugssonar og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sem varamaður Elísabetar Ólafsdóttur.

b. Næsti fundur þróunarsamvinnunefndar

Ákveðið var að boða til upplýsingarfundar fyrir nýja fulltrúa í nefndinni föstudaginn 27. apríl 2018.

Ákveðið var að boða til næsta fundar nefndarinnar föstudaginn 4. maí 2018.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:20.